

Í ljósi óvenjulegra aðstæðna á fjármálamörkuðum hefur stjórn Icelandair Group samþykkt að senda frá sér eftirfarandi tilkynningu um óendurskoðað uppgjör og yfirlit um rekstur félagsins á fyrstu 8 mánuðum ársins 2008:

Afkoma Icelandair Group á fyrstu 8 mánuðum ársins 2008

- Tekjur samstæðunnar eru 72 milljarðar króna, sem er 68% aukning frá sama tíma í fyrra
- EBITDA er 6,3 milljarðar króna, sem er 43% aukning frá sama tíma í fyrra
- EBIT er 3,9 milljarðar króna, sem er 58% aukning frá sama tíma í fyrra
- EBT er 2,6 milljarðar króna, sem er 169% aukning frá sama tíma í fyrra
- Handbært fé í lok ágúst er 6,7 milljarðar króna

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group:

„Rekstur félaga innan Icelandair Group hefur gengið vel á þessu ári. Tekjur hafa aukist verulega og afkoma batnað þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður, sem sýnir styrk og sveigjanleika félagsins. Sjóðstaða félagsins er góð og næsti stóri gjalddagi lána er í lok janúar 2009 vegna 2,5 milljarða króna skuldabréfs í eigu íslenskra aðila. Unnið er að fjármögnun vegna þess. Athygli er vakin á því að kaup félagsins á erlendum fyrirtækjum hafa ekki verið fjármögnuð með erlendum lántökum.

Við þær aðstæður sem nú hafa skapast á íslenskum hlutabréfamarkaði er rétt að leggja áherslu á fjölþættingu félagsins. Icelandair Group er alþjóðleg samstæða 12 dótturfélaga með rekstur um allan heim. Tekjur koma frá mörgum landsvæðum og frá ólíkum þjónustupáttum og einungis um 25% af tekjum samstæðunnar eru í íslenskum krónum. Félagið á viðskipti í mörgum gjaldmiðlum en stærstur hluti veltunnar er í erlendri mynt; evrum, dollurum og tékknesku krónum. Veikt gengi íslensku krónunnar hefur í heild jákvæð áhrif á gengismun félagsins. Þá hefur eldsneytisverð á heimsmarkaði farið lækkandi á síðustu vikum sem kemur vel við rekstur fyrirtækja félagsins.

Icelandair, stærsta fyrirtækið innan Icelandair Group, nýtur þess nú að fyrr á árinu var gripið til umfangsmikilla hagræðingaraðgerða í áætlunarfluginu í ljósi minnkandi eftirspurnar og hækkandi eldsneytisverðs. Dregið var úr framboði um 15% og kostnaður í rekstri lækkaður. Á haustmánuðum hefur verið unnið að markaðssókn fyrir Ísland erlendis í ljósi gengislækkunar og enn frekar dregið úr framboði á heimamarkaði.

Rekstur Travel Service í Tékklandi, næst stærsta fyrirtækisins í samstæðunni, hefur gengið vonum framar á árinu. Travel Service hefur tekist að nýta sér sóknarfæri sem skapast hafa í kjölfar gjaldþrota félaga á leiguflygsmarkaði, og mun þannig fjölga um tvær flugvélar í flota sínum fyrir áramót. Sterk staða tékknesku krónunnar hefur einnig haft jákvæð áhrif á reksturinn.“

Icelandair Group mun birta uppgjör þriðja ársfjórðungs 2008 þann 18. nóvember nk.

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group
Guðjón Arngrímsson, upplýsingastjóri

sími: 896-1455
sími: 864-5849